

Lýsing jarðhita á Egilsá, Akrahreppi,
Skagafirði

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-83/11

LÝSING JARÐHITA Á EGILSÁ, AKRAHREPPI, SKAGAFIRÐI

- 1) Í melhól um 500 m NV af bænum eru volgrur, sem liggja um 30 m lægra í landinu. Tvær vatnsmestu volgrurnar eru um 50 m NV af girðingu umhverfis skógarlund. Hitastig í þeirri syðri er 26°C og rennsli um 0,15 l/s. Um 5 m austan við og 4 m hærra er volgra með um 0,1 l/s rennsli og er hitastig 18,4°C.
- 2) Um 30 m NV við melhólinn og 10 m lægra í landinu en bærinn, en 20 m hærra en hinar volgrurnar eru a.m.k. þrjár volgrur og er hitastig í þeim 9-17°C. Rennsli í þeirri stærstu er um 0,1 l/s og eru útfellingar mjög áberandi.
- 3) Um 250 m SA við bæinn og 20 m ofar í landinu er 11°C heit volgra með rennsli um eða innan við 0,1 l/s. Heldur kaldari og vatnsminni volgrur eru SA við og ofar í landinu. Vatnshiti í vatnsbóli bæjarins er 7°C. Það er á nær sömu línu og volgrurnar, en nær bænum.
- 4) Um 300 m S af og 90 m hærra en bærinn eru talsvert vatnsmiklar volgrur. Hitastig mældist hæst 11,3°C og rennsli er áætlað um 2 l/s. Talsvert ber á útfellingum neðan við volgrurnar.